

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 2001

3. janúar 2001

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 620, 30. ágúst 2000, um breytingu á reglugerð nr. 687, 14. desember 1997, um dragnótaveiðar.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. janúar 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

3. janúar 2001

Nr. 2

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2001, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2001, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.